



Fasteignagjöld hækkuðu í flestum tilfellum þrátt fyrir lækkun álagningar

Verðlagseftirlit ASÍ hefur tekið saman álagningu fasteignagjalda og útsvars hjá 15 fjölmennustu sveitarfélögum landsins. Fasteignagjöld hækka í flestum tilfellum milli ára þrátt fyrir að mörg sveitarfélög lækki álagningarhlutfall. Í mörgum tilfellum hækka gjöld mikið og má sjá 32,9% hækkun á innheimtri lóðaleigu í sérbýli í Njarðvík hjá Reykjanesbæ í, 31% hækkun á innheimtu vatnsgjaldi í sérbýli hjá Fjarðarbyggð á Reyðarfirði og 26,83% hækkun á sorphirðugjöldum hjá Seltjarnarneskaupstað og allt að 18,8% hækkun á innheimtum fasteignaskatti í sérbýli hjá Ísafjarðarbæ.

Fasteignagjöld samanstanda af fasteignasköttum, fráveitugjaldi, vatnsgjaldi, lóðaleigu og sorphirðugjöldum. Gjöldin eru í flestum tilfellum innheimt sem hlutfall af fasteigna- eða lóðamati en geta einnig verið innheimt með blöndu af föstu gjaldi og fermetragjaldi. Sorphirðugjöld eru þó ávallt innheimt sem fast gjald eða fjölda tunna á húsnæði. Til þess að átta sig á því hvernig fasteignagjöld breytast á milli ára er nauðsynlegt að skoða samhliða breytingar á álagningarhlutfalli sveitarfélaga sem og breytingar á fasteignamati í viðkomandi sveitarfélagi. Í flestum tilfellum lækkar álagningarhlutfall sveitarfélaganna milli ára eða helst óbreytt en í einhverjum tilfellum hækkar það. Þegar tillit hefur verið tekið til breytinga á fasteigna- og lóðamati má þó sjá að fasteignagjöldin hækka í flestum tilfellum. Hækkanir á fasteignagjöldum eru því að mestu tilkomnar vegna hækkana á fasteigna- og lóðamati. Útsvarsprósenta stendur í stað í öllum 15 sveitarfélögunum milli ára.

Vegna ólíks fasteignamats er litið á fleiri en eitt hverfi í stærri sveitarfélögum til að fá betri mynd af raunbreytingunni.

Mestar hækkanir á fasteignaskatti hjá Ísafjarðarbæ

Í flestum tilfellum lækkar álagningarhlutfall sveitarfélaganna á fasteignaskatti frá því í fyrra eða í 9 tilfellum af 15 en í 6 tilfellum stendur það í stað. Álagningarhlutfall fyrir fasteignaskatt hækkar ekki í neinu sveitarfélagi milli ára. Mest lækkar álagningarhlutfall í Reykjanesbæ, 25% og þar á eftir í Sveitarfélaginu Árborg, 15,4%. Álagningarhlutfallið stendur í stað hjá



Alþýðusamband Íslands

Reykjavíkurborg, Seltjarnarnesbæ, Ísafjarðarbæ, Sveitarfélaginu Skagafirði, Fljótsdalshéraði og Fjarðarbyggð.

Þegar tillit hefur verið tekið til breytinga á fasteignamati hækkar innheimtur fasteignaskattur í flestum sveitarfélögum, þrátt fyrir lækkun á álagningarprósentu margra sveitarfélaga. Innheimtur fasteignaskattur hækkar mest í fjölbýli í eldri byggð hjá Ísafjarðarbæ um 17,2% og í sérbýli á sama stað um 18,8%. Næst mest hækkar fasteignaskatturinn í fjölbýli hjá Akureyrarbæ um 15,6% í fjölbýli í Glerárhverfi og í sérbýli á Egilsstöðum hjá Fljótsdalshéraði um 16,1%. Hækkun fasteignamats leiðir til þess að innheimtur fasteignaskattur hækkar í flestum tilfellum. Í nokkrum tilfellum er lækkun álagningarhlutfalls meiri en hækkun fasteignamats sem leiðir til lækkunar innheimts fasteignaskatts. Þetta á við í Njarðvík (-2,8%), í fjölbýli í Mosfellsbæ (-1,3%), Keflavík (-1,3) og Vestmannaeyjum (-0,4%).

Fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði	Fasteignaskattur húss og lóðar, % af fasteignamati.			Breyting á fasteignamati 2018		Samtals breyting fasteignaskatti	
	2018	2019	Breyting	Fjölbýli	Sérbýli	Fjölbýli	Sérbýli
Reykjavík- Miðbær: Frá Tjörn að Snorrabraut	0,18%	0,18%	0,0%	7,1%	14,0%	7,1%	14,0%
Reykjavík - Laugarneshverfi/Vogar	0,18%	0,18%	0,0%	7,6%	12,6%	7,6%	12,6%
Reykjavík - Seljahverfi	0,18%	0,18%	0,0%	10,9%	14,5%	10,9%	14,5%
Kópavogsbær - Austurbær	0,23%	0,22%	-4,3%	8,9%	12,2%	4,2%	7,4%
Kópavogsbær - Lindir, sala	0,23%	0,22%	-4,3%	8,0%	11,9%	3,3%	7,0%
Seltjarnarnesbær	0,18%	0,18%	0,0%	8,5%	11,4%	8,5%	11,4%
Garðabær	0,20%	0,19%	-5,0%	10,8%	10,4%	5,3%	4,9%
Garðabær - Ásar, Grundir, Tún, Fit	0,20%	0,19%	-5,0%	7,8%	12,1%	2,4%	6,5%
Hafnarfjarðarkaupstaður	0,28%	0,26%	-7,1%	10,3%	14,2%	2,4%	6,0%
Hafnarfjarðarkaupstaður - Vellir	0,28%	0,26%	-7,1%	11,1%	13,6%	3,2%	5,4%
Mosfellsbær	0,23%	0,21%	-7,1%	6,2%	14,1%	-1,3%	6,0%
Reykjanesbær Njarðvík	0,48%	0,36%	-25,0%	29,6%	35,4%	-2,8%	1,5%
Reykjanesbær Keflavík	0,48%	0,36%	-25,0%	31,6%	35,7%	-1,3%	1,8%
Akraneskaupstaður	0,31%	0,29%	-7,6%	22,3%	21,3%	13,0%	12,1%
Ísafjarðarbær - Eldri byggð	0,63%	0,63%	0,0%	17,2%	18,8%	17,2%	18,8%
Sveitarfélagið Skagafjörður - Sauðárkrókur	0,50%	0,50%	0,0%	13,3%	14,2%	13,3%	14,2%
Akureyrarbær - Efri Brekka	0,35%	0,33%	-5,7%	22,3%	15,3%	15,3%	8,7%
Akureyrarbær - Glerárhverfi	0,35%	0,33%	-5,7%	22,6%	16,0%	15,6%	9,4%
Fljótsdalshérað - Egilsstaðir	0,50%	0,50%	0,0%	7,9%	16,1%	7,9%	16,1%
Fjarðarbyggð Reyðarfjörður	0,50%	0,50%	0,0%	5,2%	14,8%	5,2%	14,8%
Sveitarfélagið Árborg - Selfoss	0,33%	0,28%	-15,4%	21,2%	21,9%	2,6%	3,1%
Vestmannaeyjar	0,35%	0,33%	-5,7%	5,6%	5,8%	-0,4%	-0,2%



Alþýðusamband Íslands

Allt að 32,9% hækkun á lóðaleigu hjá Reykjanesbæ

Lóðaleiga er innheimt sem hlutfall af lóðamati í öllum sveitarfélögum nema í Kópavogsbæ og Akranesi þar sem lóðaleiga er föst krónutala á fermetra. Álagningarhlutfall sveitarfélaganna af lóðamati stóð í stað milli ára hjá öllum sveitarfélögum nema tveimur. Hjá Hafnarfirði lækkaði lóðaleiga um 8% milli ára, hjá Mosfellsbæ um 7% og hjá Akraneskaupstað um 5%.

Eftir að breyting á lóðamati milli ára hefur verið tekin til greina má sjá að innheimt lóðaleiga hækkar í langflestum tilfellum. Mest hækkar lóðaleiga í fjölbýli hjá Reykjanesbæ í Keflavík um 28,6% og um 28,2% í Njarðvík. Í sérbyli hækkar lóðaleigan mest í Reykjanesbæ, þar sem hún hækkar um 32,9% í Njarðvík og um 31,5% í Keflavík. Þar á á eftir kemur Sveitarfélagið Árborg með 20,2% hækkun í sérbyli á Selfossi. Í fjölbýli er hækkunin á lóðaleigu einnig mest hjá Reykjanesbæ, í Keflavík, 28,6% og Njarðvík 28,2% og þar á eftir hjá Akureyrarbæ í Glerárhverfi 25,9% og Efri brekku 25,2%. Í fjölbýli lækkar lóðaleigan um 1,1% fyrir fjölbýli í Mosfellsbæ en það er eina tilfellið þar sem hún lækkar. Lóðaleigan stendur í stað hjá Kópavogsbæ fyrir fjölbýli og sérbyli og einnig í fjölbýli hjá Fjarðarbyggð.

Lóðaleiga af íbúðarhúsnæði	Lóðaleiga, % af lóðamati			Breyting á lóðamati 2018-2019		Samtals breyting á lóðaleigu	
	2018	2019	Breyting	Fjölbýli	Sérbyli	Fjölbýli	Sérbyli
Reykjavík- Miðbær: Frá Tjörn að Snorrabrau	0,20%	0,20%	0%	7%	15%	6,9%	14,6%
Reykjavík - Laugarneshverfi/Vogar	0,20%	0,20%	0%	7%	12%	7,1%	11,8%
Reykjavík - Seljahverfi	0,20%	0,20%	0%	10%	14%	10,2%	13,8%
Kópavogsbær - Austurbær	21,43 kr/fm	21,43 kr/fm	0%	9%	11%	0,0%	0,0%
Kópavogsbær - Lindir, sala	21,43 kr/fm	21,43 kr/fm	0%	8%	12%	0,0%	0,0%
Seltjarnarnesbær	0,40%	0,40%	0%	8%	11%	8,1%	10,9%
Garðabær	0,40%	0,40%	0%	11%	10%	10,9%	9,9%
Garðabær - Ásar, Grundir, Tún, Fit	0,40%	0,40%	0%	8%	12%	8,4%	12,5%
Hafnarfjarðarkaupstaður	0,36%	0,33%	-8%	10%	14%	1,1%	4,1%
Hafnarfjarðarkaupstaður - Vellir	0,36%	0,33%	-8%	12%	14%	2,3%	4,4%
Mosfellsbær	0,34%	0,316%	-7%	6%	12%	-1,1%	4,0%
Reykjanesbær Njarðvík	2,00%	2,00%	0%	28%	33%	28,2%	32,9%
Reykjanesbær Keflavík	2,00%	2,00%	0%	29%	32%	28,6%	31,5%
Akraneskaupstaður	0,40%	0,38%	-5%	22%	19%	16,5%	4,0%
Ísafjarðarbær - Eldri byggð	1,80%	1,80%	0%	17%	17%	17,2%	16,9%
Sveitarfélagið Skagafjörður - Sauðárkrókur	1,50%	1,50%	0%	13%	13%	13,4%	12,6%
Akureyrarbær - Efri Brekka	0,50%	0,50%	0%	25%	13%	25,2%	12,8%
Akureyrarbær - Glerárhverfi	0,50%	0,50%	0%	26%	14%	25,9%	13,7%
Fljótsdalshérað - Egilsstaðir	0,75%	0,75%	0%	0%	11%	0,0%	11,2%
Fjarðabyggð Reyðarfjörður	0,70%	0,70%	0%	7%	13%	6,7%	13,4%
Sveitarfélagið Árborg - Selfoss	1,00%	1,00%	0%	22%	20%	22,2%	20,2%
Vestmannaeyjar	1,00%	1,00%	0%	6%	4%	5,6%	4,0%



Alþýðusamband Íslands

31% hækkun á vatnsgjaldi í Fjarðarbyggð

Vatnsgjald er almennt innheimt sem hlutfall af fasteignamati en í Reykjavík, Reykjanesbæ, Akranesi og á Akureyri er innheimtan blanda af föstu gjaldi og gjaldi á hvern fermetra. Hjá Vestmannaeyjabæ er innheimtan reiknuð út frá gjaldi á hvern fermetra.

Sex sveitarfélög lækka álagningarprósentu á vatnsgjaldi milli ára, fimm hækka og hjá fjórum stendur álagningarprósenta í stað. Hækkunin er mest í Fjarðarbyggð, 14%, en mesta lækkunin er hjá Kópavogsbæ og Mosfellsbæ, um 7%. Þegar tillit hefur verið tekið til breytinga á fasteignamati má sjá að innheimt vatnsgjald hækkar mest í sérbýli á Reyðarfirði í Fjarðarbyggð, um 31%, og í fjölbýli hjá Sveitarfélaginu Árborg, um 21%.



Alþýðusamband Íslands

Vatnsgjald	Vatnsgjald, % af fasteignamati húss og lóðar			Breyting á fasteignamati 2018-2019		Samtals breyting á vatnsgjaldi	
	2018	2019	Breyting	Fjölbyli	Sérbyli	Fjölbyli	Sérbyli
Reykjavík- Miðbær: Frá Tjörn að Snorrabraut	fast gjald 5.472 kr. og 212,36 kr. pr fm	fast gjald 5.124 og 198,84 pr/fm	-6%	7%	14%	-6%	-6%
Reykjavík - Laugarneshverfi/Vogar	fast gjald 5.472 kr. og 212,36 kr. pr fm	fast gjald 5.124 og 198,84 pr/fm	-6%	8%	13%	-6%	-6%
Reykjavík - Seljahverfi	fast gjald 5.472 kr. og 212,36 kr. pr fm	fast gjald 5.124 og 198,84 pr/fm	-6%	11%	15%	-6%	-6%
Kópavogsbær - Austurbær	0,07%	0,07%	-7%	9%	12%	1%	4%
Kópavogsbær - Lindir, sala	0,07%	0,07%	-7%	8%	12%	0%	4%
Seltjarnarnesbær	0,09%	0,09%	0%	8%	11%	8%	11%
Garðabær	0,10%	0,10%	-5%	11%	10%	5%	5%
Garðabær - Ásar, Grundir, Tún, Fit	0,10%	0,10%	-5%	8%	12%	2%	6%
Hafnarfjarðarkaupstaður	0,06%	0,06%	-6%	10%	14%	3%	7%
Hafnarfjarðarkaupstaður - Vellir	0,06%	0,06%	-6%	11%	14%	4%	6%
Mosfellsbær	0,08%	0,08%	-7%	6%	14%	-1%	6%
Reykjanesbær Njarðvík	fast gjald 5.700 pr eign og 219 kr. á fm	Fast gjald 6.100 kr. pr. eign og 227 kr. á fm	4%	30%	35%	4%	4%
Reykjanesbær Keflavík	fast gjald 5.700 pr eign og 219 kr. á fm	Fast gjald 6.100 kr. pr. eign og 227 kr. á fm	4%	32%	36%	4%	4%
Akraneskaupstaður	fast gjald 5472 kr. og 212,36 kr. pr fm	fast gjald 5.124 og 198,84 pr/fm	-6%	22%	21%	-6%	-6%
Ísafjarðarbær - Eldri byggð	0,21%	0,21%	0%	17%	19%	17%	19%
Sveitarfélagið Skagafjörður - Sauðárkrókur	0,16%	0,16%	0%	13%	14%	13%	14%
Akureyrarbær - Efri Brekka	fast gjald 8.884 kr pr íbúð og 133,30 pr fm	fast gjald 9.190 kr. pr. íbúð og 137,99 pr fm	3%	22%	15%	3%	3%
Akureyrarbær - Glerárhverfi	fast gjald 8884 kr pr íbúð og 133,30 pr fm	fast gjald 9.190 kr. pr. íbúð og 137,99 pr fm	3%	23%	16%	3%	3%
Fljótsdalshérað - Egilsstaðir	fast gjald 8.600 kr auk 245 kr pr fm	fast gjald 8.748 auk 249 kr. per fm	1,7%	8%	16%	10%	18%
Fjarðabyggð Reyðarfjörður	0,26%	0,29%	14%	5%	15%	20%	31%
Sveitarfélagið Árborg - Selfoss	0,20%	0,20%	0%	21%	22%	21%	22%
Vestmannaeyjar	186 kr. pr fm	193 kr. pr fm	4%	6%	6%	4%	4%

Fráveitugjöld hækka um 19,7% í Keflavík

Fráveitugjöld eru í flestum tilfellum innheimt sem hlutfall af fasteignamati nema hjá Reykjavíkurborg, Akranesbæ og Akureyrarkaupstað en þar miðast fráveitugjöld við blöndu af fastri krónutölu og fermetragjaldi. Flest sveitarfélögin lækka álagningu milli ára en hjá Ísafjarðarbæ, Sveitarfélaginu Skagafirði, Fljótsdalshéraði og Vestmannaeyjabæ stendur hún í stað. Álagningin hækkar um 4% hjá Reykjavíkurborg og Akraneskaupstað, og um 7% hjá Akureyrarbæ. Breyting á fráveitugjöldum þeirra sveitarfélaga er þá upptalin þar sem breyting á fasteignamati hefur ekki áhrif á gjöldin. Eftir að tillit hefur verið tekið til breytinga á fasteignamati má hinsvegar sjá að innheimt fráveitugjöld hækka mest í sérbyli í Keflavík í



Alþýðusamband Íslands

Reykjanesbæ, um 19,7%, og um 19,5% í Njarðvík. Þar á eftir koma Egilsstaðir í Fljótshéraði með 16,1% hækkun og Sveitarfélagið Skagafjörður með 14,2% hækkun. Í fjölbýli er hækkunin mest í Eldri byggð á Ísafirði, 17,2%, næst mest í Keflavík Reykjanesbæ, 16,2% og þar á eftir í Njarðvík 14,3%.

Fráveitugjald af íbúðarhúsnæði	Holræsgjald, % af fasteignamati húss og lóðar			Breyting á fasteignamati 2018-2019		Samtals breyting á holræsgjöldum	
	2018	2019	Breyting	Fjölbýli	Sérbýli	Fjölbýli	Sérbýli
Reykjavík- Miðbær: Frá Tjörn að Snorrabraut	fast gjald 10.567 kr. og 407,87 kr./fm	fast gjald 10.994 kr. og 424,35 kr./fm	4,0%	7,1%	14,0%	4,0%	4,0%
Reykjavík - Laugarneshverfi/Vogar	fast gjald 10.567 kr. og 407,87 kr./fm	fast gjald 10.994 kr. og 424,35 kr./fm	4,0%	7,6%	12,6%	4,0%	4,0%
Reykjavík - Seljahverfi	fast gjald 10.567 kr. og 407,87 kr./fm	fast gjald 10.994 kr. og 424,35 kr./fm	4,0%	10,9%	14,5%	4,0%	4,0%
Kópavogsbær - Austurbær	0,12%	0,11%	-8,7%	8,9%	12,2%	-0,6%	2,5%
Kópavogsbær - Lindir, sala	0,12%	0,11%	-8,7%	8,0%	11,9%	-1,4%	2,2%
Seltjarnarnesbær	0,15%	0,15%	0,0%	8,5%	11,4%	8,5%	11,4%
Garðabær	0,11%	0,10%	-9,1%	10,8%	10,4%	0,8%	0,4%
Garðabær - Ásar, Grundir, Tún, Fit	0,11%	0,10%	-9,1%	7,8%	12,1%	-2,0%	1,9%
Hafnarfjarðarkaupstaður	0,14%	0,13%	-5,8%	10,3%	14,2%	3,9%	7,5%
Hafnarfjarðarkaupstaður - Vellir	0,14%	0,13%	-5,8%	11,1%	13,6%	4,6%	6,9%
Mosfellsbær	0,13%	0,12%	-7,2%	6,2%	14,1%	-1,4%	5,9%
Reykjanesbær Njarðvík	0,17%	0,15%	-11,8%	29,6%	35,4%	14,3%	19,5%
Reykjanesbær Keflavík	0,17%	0,15%	-11,8%	31,6%	35,7%	16,2%	19,7%
Akraneskaupstaður	fast gjald 10.567 kr. og 407,87 kr. pr fm	fast gjald 10.994 kr. og 424,35 kr./fm	4,0%	22,3%	21,3%	4,0%	4,0%
Ísafjarðarbær - Eldri byggð	0,25%	0,25%	0,0%	17,2%	18,8%	17,2%	18,8%
Sveitarfélagið Skagafjörður - Sauðárkrókur	0,275%	0,275%	0,0%	13,3%	14,2%	13,3%	14,2%
Akureyrarbær - Efri Brekka	fast gjald 8.878 pr íbúð og 209,75 pr fm	fast gjald 9.499 kr. pr. íbúð og 224,43 pr fm	7,0%	22,3%	15,3%	7,0%	7,0%
Akureyrarbær - Glerárhverfi	fast gjald 8.878 pr íbúð og 209,75 pr fm	fast gjald 9.499 kr. pr. íbúð og 224,43 pr fm	7,0%	22,6%	16,0%	7,0%	7,0%
Fljótshérað - Egilsstaðir	0,32%	0,32%	0,0%	7,9%	16,1%	7,9%	16,1%
Fjarðabyggð Reyðarfjörður	0,34%	0,31%	-10,8%	5,2%	14,8%	-6,1%	2,4%
Sveitarfélagið Árborg - Selfoss	0,28%	0,25%	-10,0%	21,2%	21,9%	9,0%	9,7%
Vestmannaeyjar	0,20%	0,20%	0,0%	5,6%	5,8%	5,6%	5,8%

26,83% hækkun á sorphirðugjöldum hjá Seltjarnarneskaupsstað

Sorphirðugjöld hækka í öllum sveitarfélögum nema tveimur, Akraneskaupsstað og Akureyrarbæ þar sem þau standa í stað. Mest hækka gjöldin hjá Seltjarnarneskaupsstað um 23,83% og næst mest í Garðabæ, 14,52%.



Alþýðusamband Íslands

Soprhirðugjald m.v. eina 240 l. tunnu í einbýli eða lánmarksgjald	Gjald vegna rekstur endurv. stöðva	Sopreyðingargjald	Soprhirðugjald	Samtals 2018	Gjald vegna rekstur endurv. stöðva	Sopreyðingargjald	Soprhirðugjald	Samtals 2019	Breyting 2018-2019
Reykavíkurborg	11.930		23.300	35.230	12.840		23.900	36.740	4,29%
Kópavogsbær		33.300		33.300			36.800	36.800	10,51%
Seltjarnarnesbær			30.060	30.060			38.124	38.124	26,83%
Garðabær			24.450	24.450			28.000	28.000	14,52%
Hafnarfjarðarbær			36.014	36.014			39.956	39.956	10,95%
Mosfellsbær			28.000	28.000			29.000	29.000	3,57%
Reykjanesbær		26.548	16.271	42.819		27.609	16.923	44.532	4,00%
Akraneskaupstaður		16.021	18.786	34.807		16.021	18.786	34.807	0,00%
Ísafjarðarbær			46.641	46.641			47.900	47.900	2,70%
Sveitarfélagið Skagafjörður		17.198	19.491	36.689		17.714	20.076	37.790	3,00%
Akureyrarbær			38.643	38.643			38.643	38.643	0,00%
Fljótsdalshérað			27.146	27.146			29.861	29.861	10,00%
Fjarðabyggð		13.682	28.828	42.510		14.079	29.664	43.743	2,90%
Sveitarfélagið Árborg		30.100	26.300	56.400		34.800	27.200	62.000	9,93%
Vestmannaeyjabær		38.526	17.055	55.581		40.183	17.788	57.971	4,30%

Útsvar

Engar breytingar eru á útsvari sveitarfélaganna milli ára. Flest sveitarfélaganna eru með útsvar upp á 14,52% eða 9 af 15. Garðabær og Seltjarnarnes eru með lægsta útsvarið sem er 13,7%.

Útsvar %	2018	2019	Breyting
Reykavíkurborg	14,52%	14,52%	0,00%
Kópavogsbær	14,48%	14,48%	0,00%
Seltjarnarnesbær	14,48%	14,48%	0,00%
Garðabær	14,52%	14,52%	0,00%
Hafnarfjarðarbær	14,52%	14,52%	0,00%
Mosfellsbær	13,70%	13,70%	0,00%
Reykjanesbær	14,48%	14,48%	0,00%
Akraneskaupstaður	14,52%	14,52%	0,00%
Ísafjarðarbær	14,52%	14,52%	0,00%
Sveitarfélagið Skagafjörður	14,52%	14,52%	0,00%
Akureyrarbær	14,52%	14,52%	0,00%
Fljótsdalshérað	13,70%	13,70%	0,00%
Fjarðabyggð	14,52%	14,52%	0,00%
Sveitarfélagið Árborg	14,52%	14,52%	0,00%
Vestmannaeyjabær	14,46%	14,46%	0,00%